

Smiðja 5

7. og 8. bekkur - 16. mars -16. apríl

Slóð inn á valblaðið: <https://forms.gle/HtqpZHqiEzQ4Zdax7>

Myndlist – Draumar og ljós

Kennari: Vilma

Viltu búa til kertastjaka? Eða veiða drauma? Þá er þetta smiðja fyrir þig.



Verkefni 1: Kertastjaki úr jarðleir.

Verkefni 2: Draumaveiðarar á bakgrunn unninn með bleki. Gerðar verðar tilraunir með bakgrunna.

Námsmarkmið: Að nemendur

- geti mótað hlut á sjálfstæðan hátt í jarðleir
- geti unnið myndverk með vatnslitum og/eða bleki og þekkir eiginleika þeirra

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.

Stop Motion með Ipad

Kennari: Silla

Þetta verður tilraunasmiðja þar sem við prófum allskonar möguleika sem Stop Motion pro býður uppá. Nemendur vinna 2 saman að verkefnum og hugmyndavinnu og setja niður á blað áður en þeir hefjast handa. Unnið verður með margskonar efnivið, pappír, kubba, matvæli, leir og margt fleira.

Námsmarkmið: Að nemendur

- geti valið milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli, myndrænt og/eða í texta.

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.

Textíll - Þurrþæfing

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Þurrþæfa með þæfingarnál höfuð á leikbrúðu sem getur verið þekkt persóna úr kvikmynd. Síðan saumaður í saumavél búkur á brúðuna.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- geti þurrþæft íslenska ull með þæfingarnál
- fái fræðslu um eiginleika náttúruafna og gerviefna

Námsmat: Símat. Gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok smiðjunnar er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámsskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð.

Fræðumst um næringargildi í matvælum, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- geti matreitt einfalda rétti eftir uppskrift
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift
- geti vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um umbúðamerkingar, útlit og gæði matvæla ásamt hvernig skal geyma matvæli

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; SímatHö og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Hönnun og smíði - Búmerang

Kennari: Ingólfur

Í þessari smiðju smíðum við Búmerang stundum kallaður bjúgverpill, úr krossviði. Við vinnum eftir verkáætlun og smíðum eftir vinnuteikningu og þjálfumst í notkun ólíkra handverkfæra.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- geti lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Tónlist - Rokk, popp og fleira

Kennari: Pétur

Staður: Tónmenntastofa

Undirstöðuatriði í rokkhljómsveitarþáttum kennd (rafgítarar, kassagítarar, rafbassi, trommur, hljómborð, slagverk, söngur) og samspil æft gegnum þekkt lög m.a. eftir:

- Bítlana (t.d. Let it Be; Twist and Shout)
- Rolling Stones (t.d. Satisfaction; Honky Tonk Woman)
- David Bowie (t.d. Let's Dance; Space Oddity)
- Stuðmenn (t.d. Manstu ekki eftir mér; Ofboðslega frægur)
- Bubba Morthens (t.d. Stál og hnifur; Fjöllin hafa vakað)

- Pál Óskar (Þú komst við hjartað í mér; Það geta' ekki allir verið gordsjöss).

Einnig kennd undirstöðuatriði í lagasmíðum og textagerð.

Nýsköpun – aðeins fyrir 7. bekk

Kennari: Álfheiður

Staður: íslenskustofa

Er hugmyndaflugið í lagi? Nýsköpun er að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða endurbæta það sem þegar er til staðar. Í smiðjunni vinnum við frá hugmynd að útfærslu og sendum svo inn hugmyndirnar í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Ekki er krafist tæknilegrar kunnáttu til að gera frumgerð að hugmynd.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- fjallað um þekktar tækninýjunar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á samfélagið
- unnið undir leiðsögn einstaklingslega og í hópi við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpum, vandvirkni og samskipti auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Íþróttir

Kennari: Villi

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.